



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á 70 ára afmælishátíð  
Menntaskólans að Laugarvatni  
12. apríl 2023**

Ráðherra, alþingismenn,  
skólameistari og annað starfslíð Menntaskólans að Laugarvatni,  
nemendur að fornu og nýju,  
ágætu áheyrendur.

Manngildi, þekking, atorka. Í sjö áratugi hafa ungmenni gengið um ganga merkrar menntastofnunar með þessi gildi í huga – ekki kannski alltaf, ekki daginn út og daginn inn. Í ML hefur skólavist ætíð einkennst í aðra röndina af lífi og fjöri. Þetta veit ég eftir lestur glæsilegs rits um sögu skólans sem nemendur og kennari í stjórn málafræði við hann færðu mér fyrir sex árum, skömmu eftir að ég tók við embætti. Þetta veit ég líka eftir samtöl við fólk sem hér stundaði nám og sagði mér sögur af þeim dögum. Vissulega get ég sagt þann klisjukennda brandara að ekki séu þær allar hafandi eftir. Og vissulega hefur það líka verið svo að ekki hefur öllum ætíð liðið vel í þessum skóla, rétt eins og raunin er um aðra skóla. Vissulega var og er ætíð ýmislegt sem má læra af og gera betur.

En látum þá vissu einmitt blása okkur baráttuanda í brjóst – ekki síst á þessari hátíðarstundu þegar við gerum hvort tveggja, lítum um öxl og fögnum öllu því fagra sem hefur einkennt Menntaskólann að Laugarvatni en horfum svo björtum augum fram á veg.

ML er með elstu framhaldsskólum, ríkur að hefðum og venjum. Heimavistin setur auðvitað sterkan svip á allan menntabrag hér. Ég er viss um að upp til hópa hafa nemendur notið þess að hverfa um skeið inn í þann heim, búa fjarri fjölskyldu og standa þannig á eigin fótum. Nú er nefnilega gjarnan haft á orði um okkar daga að unga fólkið sé ofverndað, fái ekki að reyna á sig, fái allt

upp í hendurnar, ólíkt því sem gerðist og gekk í gamla daga. Talað er um snjóruðningsforeldra; þeir keppist við að fjarlægja allt sem geti orðið á vegi litlu krúttanna sinna. Einnig eru víst til þyrluforeldrar; þeir sveima yfir ungvíði sínu dag sem nótt til að tryggja að ekkert misjafnt komi upp, og svo eru til excel-foreldrar sem skipuleggja líf barna sinna í þaula. Saman mynda þessir hópar svo félagsskap bómullarforeldra; það heiti nær víst yfir allt þetta lið.

Já, er ekki búið að gengisfella allt manngildi, alla þekkingu og atorku? „Allt á að gera sem hagnýttast og auðveldast í upphafi,“ hefur verið sagt, „nemendur að finna sem minnst til brattans, varast skal að draga úr þeim kjark með því að láta þá nokkurn tíma kenna ofureflis.“ Gott og vel en þessi orð féllu reyndar árið 1931. Það var fyrir nær heilli öld, nokkru áður en ykkar ágæti skóli tók til starfa.

Nám á auðvitað að vera erfitt, eða í það minnsta dálítið erfitt. Og þannig hygg ég að námið hafi einmitt verið hér í tímans rás, eftir fólk til dáða, aukið það að visku, búið nemendur undir næstu kafla á lífsleiðinni, því að mennt er máttur. Þá á ég við mennt og menningu í víðum skilningi, og þann ásetning að efla sig sjálfan, finna hvar hæfileikar manns liggja og fá tækifæri til að nýta þá.

Þetta hefur ekki alltaf verið gefið. Á sínum tíma var stofnun Menntaskólans að Laugarvatni hluti menningar- og jafnréttisbyltingar í landinu. Um miðja síðustu öld þótti alls ekki sjálfsagt að börn gengju menntavegin og fengju þannig að sýna sjálfum sér og öðrum hvað í þeim byggi. Í einu rita sinna komst Sigríður Th. Erlendsdóttir sagnfræðingur svo að orði að breytingarnar á viðhorfi fólks til skólagöngu væru „gríðarlegar“ og – já – tala mætti um „menntabyltingu á síðari helmingi aldarinnar.“

Þess njótum við nú og munum njóta áfram.

Ég þakka hlýjar móttökur hér og hlakka til að eiga með ykkur ánægjustund hér á Laugarvatni – afmælisstund. Um leið þakka ég skemmtileg kynni af nemendum og starfsliði undanfarin ár. Ég nefndi áður heimsókn nemenda í stjórn málafræði, sem er orðin að föstum viðburði í mínu dagatali, og hér og nú þakka ég líka fyrir góða skemmtun þegar ég sótti sýningu leikhóps skólans á söngleiknum Sódóma Reykjavík fyrr í vetur.

Kæru Laugvetningar! Hjartanlega til hamingju með afmælið. Megi Menntaskólinn að Laugarvatni áfram vaxa og dafna, landi og lýð til heilla. Megið þið halda í forna siði og venjur en fagna þó líka ferskum straumum. Njótið dagsins, kæru nemendur og kennarar, og allir velunnarar ML. Hann lengi lifi!